

Sæl.

Ég vil þakka ykkur fyrirfram fyrir að lesa eftirfarandi nokkur orð sem eru stuttur úrdráttur frá Bekkjarfulltrúarfundinum sem haldinn var 8. október síðastliðinn og var í samstarfi við foreldarafélag Seljaskóla. Tekið var fram á heimasíðum skólanna að allir foreldrar væru velkomnir að mæta.

1. Foreldrasamstarf

Björn Rúnar Egilsson frá Heimili og skóla var með erindi um Foreldrasáttmála Heimilis og skóla en hann er í þremur útgáfum. Fyrir yngsta stig, miðstig og efsta stig.

Foreldrasáttmálinn er leiðarvísir til foreldra og forráðarmanna sem geta komið af stað umræðum um uppeldisleg gildi, efla skilning á mikilvægi samstarfs og þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna og tryggja að foreldrar bekkja séu samstíga við að sýna börnunum stuðning, umhyggju og skýr mörk. Einhverjir foreldrar þekkja þennan sáttmála og aðrir ekki en hann hefur verið lagður fyrir í fjölmörgum skólum um allt land og hefur jákvæð áhrif á unglíngamenninguna og samstöðu þeirra foreldra sem virða útivistarreglur svo eitthvað sé nefnt.

Hægt er að kynna sér sáttmálana frekar hér fyrir neðan og eru foreldrar hvattir til að skrifa undir (með sínum bekkjum/árgöngum) og taka þátt í þessu hópverkefni til að stuðla að góðu samstarfi foreldra og skóla.

Björn Rúnar sagði að rannsóknir sýna fram á að jákvæð samskipti milli foreldra hefði áhrif á samskipti barns við skólafélaga. <http://www.heimiliogskoli.is/utgefing-efni/foreldrasattmali/>

„Í þessu forvarnarverkefni er m.a. bent á að foreldrar sem senda barn útsofið í skólann eru að leggja sitt af mörkum til að barnið nái æskilegum námsárangri. Einnig tekur sáttmálinn til eineltis, samábyrgðar og reglna um notkun á tækni eins og tölvuleikjum og aðgengi að netinu og snjallsímum en í þeim málum er mikilvægt fyrir foreldra að geta haft samráð.“

„Gott samstarf foreldra og skóla er undirstaðan að því að börnin okkar nái árangri í lífinu.... vertu með!“

Yngsta stig (1-4 bekkur) Sáttmáli-plakat http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2012/11/HS_foreldrasattmali_1-4.pdf

Yngsta stig, ítarefni- http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2012/11/HS_foreldrasattmali_itarefni_1-4.pdf

Miðstig (5-7 bekkur) Sáttmáli-plakat http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2012/11/HS_foreldrasattmali_5-7.pdf

Miðstig, ítarefni- http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2012/11/HS_foreldrasattmali_itarefni_5-7.pdf

Efsta stig (8-10 bekkur) Sáttmáli-plakat http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2012/11/HS_foreldrasattmali_8-10.pdf

Efsta stig, ítarefni- http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2012/11/HS_foreldrasattmali_itarefni_8-10.pdf

2. Mikilvægi Hverfarólts

Samstarfsverkefnið Hverfarölt Breiðholts var stofnað fyrr á þessu ári og er samstarf allra foreldrafélaga í Breiðholti. Markmiðið er að virkja sem flesta íbúa í samstarf um aukið eftirlit og öryggisgæslu í hverfinu sínu sem á sama tíma eykur öryggi barna okkar og unglíngna. Foreldrafélög Ölduselsskóla og Seljaskóla ætla að koma aftur af stað skipulögðu hverfarölti en mikilvægt er að allir foreldrar barna í skólunum taki þátt í skipulögðum göngum árganganna.

Skipulag Hverfarólts er í undirbúningi hér í Seljahverfinu og verður kynnt meðal bekkjarfulltrúa sem kynna síðan áfram til foreldra í sínum árgöngum mjög fljótlega. Þangað til langar okkur að biðja sem flesta að sýna samstöðu og gefa sér tíma næsta föstudag og mæta klukkan 22.30 við félagsmiðstöðina við Hólmasel og taka Hverfarölt. Tilvalið til að kynnast öðrum foreldrum í hverfinu .

3. Allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólunum eru félagar í Foreldrafélögum

<http://www.ölduselsskoli.is/images/2015-2016/Starfsaetlun/Foreldrafelag.pdf>

Bestu kveðjur fyrir hönd stjórn foreldrafélags Ölduselsskóla

Kristín Steinunn Birgisdóttir og Ingibjörg H Þráinsdóttir